

**3262. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stíllholti 16-18,
10. september 2015 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Ólafur Adólfsson formaður, Valdís Eyjólfsdóttir varaformaður, Ingibjörg Valdimarsdóttir aðalmaður, Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir, Regína Ásvaldsdóttir bæjarstjóri og Steinar Adólfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adólfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. **1504123 - Fundargerðir 2015 - Samráðshópur um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6**
9. fundargerð samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6 frá 1. september 2015.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
2. **1501216 - Fundargerðir 2015 - Faxaflóahafnir**
134. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 25. ágúst 2015.
135. fundargerð stjórnar Faxaflóahafna frá 27. ágúst 2015.
Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar.
3. **1501415 - Kúttir Sigurfari - staða mála**
Fulltrúar Þjóðminjasafns Íslands ásamt menningar- og safnanefnd Akraness koma á fund bæjarráðs til þess að ræða málefni Kútters Sigurfara.

Margrét Hallgrímsdóttir, Lilja Árnadóttir, Agnes Stefánsdóttir, Kirstín Huld Sigurðardóttir, Ingbór Bergman, Guðríður Sigurjónsdóttir, Kristinn Pétursson, Jónella Sigurjónsdóttir, Helga Kristín Björgúlfsdóttir og Jón Allansson tóku sæti á fundinum undir þessum lið.
Farið yfir skýrslu um ástand skipsins og hugmyndir um framtíðarsýn ræddar.
4. **1504147 - Ráðningar í leikskólum Akraneskaupstaðar**
Fulltrúar skóla- og frístundaráðs og leikskólastjórar mæta á fund bæjarráðs þar sem tillaga um breytingu á reglum um 75% takmörkun á ráðningum fagfólks í leikskólum bæjarins var rædd.

Sigríður Indriðadóttir, Rakel Óskarsdóttir, Kristinn Hallur Sveinsson, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir, Brynhildur Björg Jónsdóttir, Anney Ágústsdóttir, Ingunn Ríkharðsdóttir, Svala Hreinsdóttir og Andrés Ólafsson tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir að afnema hámarksreglur um hlutfall fagfólks í leikskólum Akraneskaupstaðar.

5. 1503141 - Faxaflóahafnir sf. - aðalfundur og arður

Fulltrúi Skorradalshrepps, Árni Hjörleifsson, lagði fram á aðalfundi stjórnar Faxaflóahafna tillögu um að Skorradalshreppur fengi áheyrnarfulltrúa til setu á fundum hafnarstjórnar Faxaflóahafna. Stjórnin vísar tillögunni til eigenda fyrirtækisins.

Bæjarráð telur að fulltrúar Borgarbyggðar og Skorradalshrepps verði að koma sér saman um val á fulltrúa á fundum hafnarstjórnar Faxaflóahafna og tekur ekki frekari afstöðu til málsins.

6. 1509005 - Smásöluverslun á Vesturlandi - skýrsla

Skýrsla um smásöluverslun á Vesturlandi hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi. Skýrslan var unnin með nemendum og tölfræðikennurum Menntaskóla Borgarfjarðar og Fjölbrotarskóla Snæfellinga.

Skýrslan lögð fram til kynningar.

7. 1508026 - Dúmbó og Steini - leiga á íþróttahúsi við Vesturgötu

Á fundi menningar- og safnanefndar sem haldinn var þann 31. ágúst 2015, var fjallað um samþykkt bæjarráðs vegna umsóknar um leigu á íþróttahúsinu við Vesturgötu fyrir stórdansleik hljómsveitarinnar Dúmbó og Steina.

Menningar- og safnanefnd fagnar því að Dúmbó og Steini verði með stórdansleik þann 7. nóvember nk. Nefndin bendir á að æskilegt sé að viðburðir séu opnir almenningi til að flokkast sem hluti af formlegri dagskrá Vökudaga, en tekur málið til efnislegrar skoðunar. Verkefnastjóra var falið að koma álitni nefndarinnar til bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkir útleigu á salnum og felur bæjarstjóra að ganga til viðræðna við forsvarsmenn Dúmbó og Steina um leiguna.

8. 1508413 - Beiðni um námsvist í tónlistarskóla utan lögheimilissveitarfélags

Erindi Tónlistarskólans á Akureyri, dags. 27. ágúst 2015, þar sem óskað er eftir að Akraneskaupstaður greiði kostnað við kennslu nemanda við tónlistarskólann, skv. samkomulagi sem ríki og sveitarfélög undirrituðu árið 2011, um eflingu tónlistarnáms og jöfnun á aðstöðumun nemenda. Jöfnunarsjóður kemur til með að greiða hluta kostnaðar.

Erindinu frestað.

9. 1508104 - Deilisk. Skógarhverfi 2. áfangi breyting á deiliskipulagi

Bæjarráð óskaði eftir álitni skipulags- og umhverfisráðs á fundi sínum þann 30. júlí sl. á fyrirhugaðri deiliskipulagsbreytingu Grenja ehf. í Skógarhverfi 2.

Skipulags- og umhverfisráð tók jákvætt í eftirfarandi hugmyndir á fundi sínum þann 20. ágúst sl.:

a) Tveimur parhúsalóðum og einni raðhúsalóð við Blómalund verði breytt í fjórar parhúsalóðir.

b) Fjölbýlishúsum við Akralund 8,10,12 og 14 verði breytt í fjórar parhúsalóðir.

c) Sex einbýlishúsalóðum við Baugalund 1,3,5,7,9 og 11 verði breytt í fjórar parhúsalóðir.

Staða málsins kynnt.

Bæjarráð vísar til afgreiðslu sinnar frá 13. ágúst síðastliðnum og felur bæjarstjóra að upplýsa umsækjanda um afstöðu skipulags- og umhverfisráðs.

10. 1504043 - OR - aðalfundur 2015

Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur-Eigna ohf. verður haldinn 14. september nk.

Bæjarráð samþykkir að bæjarfulltrúi Valdís Eyjólfsdóttir sæki aðalfund Orkuveitu Reykjavíkur-Eigna ohf. sem fulltrúi Akraneskaupstaðar.

11. 1411073 - Búnaðar- og áhaldakaup 2015 (tækjakaupasjóður) - ráðstöfun fjármuna

Umsóknir skóla- og frístundasviðs og velferðar- og mannréttindasviðs í tækjakaupasjóð.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi úthlutun úr tækjakaupasjóði:

- 1. Íþróttamannvirkin Jaðarsbökkum - kr. 445.000.*
- 2. Brekkubæjarskóli - kr. 525.000.*
- 3. Grundarskóli - kr. 825.000.*
- 4. Tónlistarskólinn - kr. 80.000.*
- 5. Akrasel - kr. 680.000.*
- 6. Vallarsel - kr. 270.000.*
- 7. Heimaþjónusta fatlaðra - kr. 250.000.*
- 8. Fjöliðjan - kr. 396.000.*
- 9. Fjöliðjan (hæfing) - kr. 299.000.*

Fjárhæðinni, samtals kr. 3.770.000, verður ráðstafað af liðnum 20830-4660.

12. 1506187 - Starf sviðsstjóra - afleysing

Tillaga bæjarstjóra um áframhaldandi afleysingu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Bæjarráð samþykkir áframhaldandi ráðningu Gunnars Gíslasonar til 31. desember næstkomandi vegna forfalla sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Fjárhæðinni, kr. 3.000.000, verður ráðstafað af liðnum 20830-1690.

13. 1509107 - Golfklúbburinn Leynir - framkvæmdasamningur um uppbyggingu golfvallar

Erindi Golfklúbbsins Leynis þar sem óskað er eftir viðræðum við Akraneskaupstað um framkvæmda- og fjárfestingarsamning vegna áframhaldandi uppbyggingu á Garðavelli árin 2016-2025.

Bæjarráð vísar erindinu til fjárhagsáætlunargerðar ársins 2016.

14. 1502041 - Stefnumörkun í menningarmálum

Tillögur að skipulagsbreytingum í menningarmálum á Akranesi lagðar fram til samþykktar í bæjarráði.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi tillögur og skipurit og vísar til endanlegrar

*OK
RA*

samþykktar í bæjarstjórn:

Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að undirbúa ráðningu forstöðumanns sem hafi yfirumsjón með menningar- og safnamálum á Akranesi.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að kynna skipulagsbreytinguna fyrir stjórnendum og starfsmönnum málaflokksins og bjóða fastráðnum starfsmönnum ný og breytt starfsheiti og verkefni í samræmi við markmið með sameiningu málaflokksins.

Bæjarráð samþykkir breyttan opnunartíma byggðasafnsins og bókasafnsins sem verði svohljóðandi:

Bókasafnið verði opið frá kl. 12.00 til 18.00 virka daga en að auki tvær morgunopnanir frá kl. 10:00 til 12:00 vegna sögustunda fyrir börn annarsvegar og áttthagastunda fyrir almenning hinsvegar. Opið verður á laugardögum yfir vetrartímann eins og nú er.

Breytingin taki gildi 1. janúar 2016.

Byggðasafnið verði lokað frá og með 1. október 2015 til 1. maí 2016 vegna endurnýjunar á sýningum. Safnaskálinn verði þó opinn til 31. desember 2015 vegna sýningar í Guðnýjarstofu. Þrátt fyrir lokun verður tekið á mótí hópum á tímabilinu.

15. 1509003 - Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2015

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin fimmtudaginn 24. september og föstudaginn 25. september á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu.

Bæjarráð þakkar boðið og munu bæjarfulltrúar bæjarráðs, bæjarstjóri og sviðsstjóri, fjármálastjóri og aðalbókari stjórnsýslu- og fjármálasviðs mæta á ráðstefnuna.

16. 1504040 - Sorphirðugjöld 2015

Kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna endurákvörðun sorphirðugjalda hjá Akraneskaupstað.

Kæran og svar Akraneskaupstaðar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála lögð fram til kynningar.

17. 1503108 - Fyrirspurn /kæra um tillögu að breytingu á Faxabraut í deiliskipulagi hafnarsvæðis

Kæra VER ehf. til úrskurðarnefndar upplýsingamála.

Kæra VER ehf. og svar Akraneskaupstaðar til úrskurðarnefndar um upplýsingamál lögð fram til kynningar.

18. 1410165 - Dalbraut 6 - kaup á húsnæði f. þjónustumiðstöð fyrir aldraða

Erindi samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6 þar sem óskað er eftir afstöðu bæjarráðs til breytinga á húsnæðinu.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að afla frekari upplýsinga um málið.

19. 1411120 - Búsetuþjónusta Holtsflöt- þátttaka í fæðiskostnaði

Erindi velferðar- og mannréttindaráðs þar sem óskað er eftir að veitt verði viðbótarfjárveiting vegna fæðiskostnaðar þjónustuþega, samtals kr. 2.100.000 en ekki er fjárheimild fyrir því í fjárhagsáætlun ársins 2015.

Bæjarráð samþykkir erindið.

Fjárhæðinni, kr. 2.100.000, verður ráðstafað af liðnum 20830-4995.

20. 1508011 - Þjóðarsáttmáli um læsi

Skóla- og frístundaráð samþykktir fyrir sitt leyti Þjóðarsáttmála um læsi á fundi sínum þann 7. september síðastliðinn. Ráðið tók undir með bæjarráði um mikilvægi þess að faglegt sjálfstæði í skóla og sveitarfélaga væri tryggt.

Lagt fram.

21. 1508161 - Umferðarforvarnir - umsókn um styrk

Bæjarráð vísaði erindi Berents Karls Hafsteinssonar um styrkveitingu samtals kr. 120.000 vegna fyrirlestrar um umferðarforvarnir fyrir 10. bekk í grunnskólum Akraneskaupstaðar til umsagnar í skóla- og frístundaráði á fundi sínum þann 27. ágúst síðastliðinn.

Skóla- og frístundaráð getur ekki orðið við erindinu og leggur áherslu á sjálfstæði skólastjórnenda og forstöðumanna á skóla- og frístundasviði til að skipuleggja fræðslu fyrir nemendur og starfsþróun starfsmanna sinna.

Bæjarráð tekur undir umsögn skóla- og frístundasviðs.

22. 1508256 - Gjaldfrjáls grunnskóli - áskorun til sveitarfélaga

Bæjarráð vísaði erindi Barnaheillar til kynningar í skóla- og frístundaráði á fundi sínum þann 27. ágúst síðastliðinn.

Skóla- og frístundaráð beinir þeim tilmælum til skólastjórnenda að hafa í auknum mæli milligöngu um sameiginleg innkaup með það að markmiði að lágmarka kostnað foreldra.

Lagt fram.

23. 1509099 - Héraðsskjalasafn - afhending skjala frá bæjarskrifstofu

Erindi Héraðsskjalasafns Akraness vegna afhendingu gagna í skjalasafnið frá Akraneskaupstað.

Bæjarráð felur sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs að vinna minnisblað sem lagt verði fyrir næsta fund bæjarráðs.

24. 1509109 - Verndarsvæði í byggð - innleiðing laga

Erindi Forsætisráðuneytisins vegna fyrirhugaðra kynningarfunda um ný lög um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.


Lagt fram til kynningar.

25. 1509179 - Meistaraflokkur kvenna - úrvalsdeildarsæti

Meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu vann sér sæti í úrvaldeildinni á næsta ári.

Bæjarráð óskar meistaraflokki kvenna í knattspyrnu til hamingju með árangurinn í sumar og óskar þeim velgengni í úrvalsdeild.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:00.



Vilborg P. Guðbjartsd.

Jónbjörg Valdimarsd.

Valdís Teijótsd.

Sigrún Inga Guðnadóttir

Ragnna Ásvalduróttir

Samur Axelsson